

Alþingi
Erindi nr. P 141/978
komudagur 11.12.2012

Til atvinnuveganefndar Alþingis

Frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu

11. des. 2012

Ósk um breytingu á 9. gr. frv. til laga um breytingu á búnaðarlögum og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (leiðbeiningaþjónusta, búvörusamningar o.fl.

Farið er fram á það við atvinnuveganefnd að 9. grein frumvarpsins, sem fjallar um breytingu á bráðabirgðaákvæði W í lögum nr. 99/1993, verði breytt til að taka af tvímæli um að unnt sé að halda óbreyttum beingreiðslum á kúabúum, þar sem framleiðsla dregst tímabundið saman vegna förgunar kúa, sem ráðherra hefur fyrirskipað til útrýmingar á sjúkdómi. Núverandi ákvæði nær m. a. til þess ef afurðasala er bönnuð „af ástæðum sem hlutaðeigandi framleiðandi gat ekki haft áhrif á“, en tekur ekki til niðurskurðar.

Tilfnið nú er að ráðherra hefur fyrirskipað förgun á 33 kúm á búinu á Egilsstöðum á Völlum sem lið í því að útrýma sjúkdómi, smitandi barkabólgu, sem uppgötvaðist þar í haust og aldrei hefur greinst hér áður. Þetta er sk. A-sjúkdómur, og lög um varnir gegn dýrasjúkdómum mæla fyrir um bótaskyldu þegar fyrirskipaðar eru aðgerðir til útrýmingar á slíkum sjúkdómum. Það dregur úr bótaþörf ef unnt er að halda óbreyttum beingreiðslum meðan framleiðslan fellur niður eða er skert.

Tillaga að breyttri grein, þar sem búið er að taka berytingar skv. frumvarpinu inn:

„Prátt fyrir ákvæði 53.-55. gr. er Matvælastofnun heimilt að ákveða að beingreiðslur skv. X. kafla verði greiddar til lögbýlis samkvæmt greiðslumarki þess óháð framleiðslu á lögbýlinu, þó ekki lengur en til ársloka **2016**, ef framleiðsluskilyrði á lögbýlinu hafa raskast tímabundið **vegna ráðstafana sem ráðherra fyrirskipar til útrýmingar á sjúkdómum**, vegna náttúruhamfara, t.d. stórfellds öskufalls eða jökuklflóða, **vegna óvenjulegs veðurfars**, eða vegna þess að afurðasala frá lögbýlinu hefur verið bönnuð af ástæðum sem hlutaðeigandi framleiðandi gat ekki haft áhrif á, enda sé a.m.k. **eitt** þessara skilyrða uppfyllt.“

Breytingar skv. frv. eru **feitiletraðar**, en breyt. skv. erindi þessu **feitiletraðar og skáletraðar**.

Fyrir hönd ráðherra,

Sigurgeir Þorgeirsson